

Erindisbréf velferðarráðs Kópavogs

I. Kaffi

Skipan og umboð

1. gr.

Velferðarráð Kópavogs er kosið af bæjarstjórn Kópavogs á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum. ~~Ráðið~~ og fer í umboði bæjarstjórnar með verkefni félagsmálanefndar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, verkefni húsnaðisnefndar samkvæmt lögum um húsnaðismál nr. 44/1998, yfirstjórn barnaverndarþjónustu samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 auk verkefna samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfi nr. 38/2018 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997 og verkefni húsnaðisnefndar samkvæmt lögum um húsnaðismál, nr. 44/1998, eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

Athugasemd [JLÓ1]: Hér er verið að uppfæra orðalag og tilvísanir í lög.

2. gr.

Velferðarráð Kópavogs er skipað sjö fulltrúum ásamt áheyrnarfulltrúum í samræmi við ~~43. gr. ákvæði~~ bæjarmálasamþykktar Kópavogs samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 774/2013, m.s.br. (bæjarmálasamþykkt), og jafn mörgum til vara. Ráðið er kosið til eins ársfjögurra ára í senn ~~á fundi bæjarstjórnar í júní~~. Bæjarstjórn kys formann og varaformann.

Athugasemd [JLÓ2]: Í erindisbréfinu er talað um bæjarmálasamþykkt og leggjum við til að það sé gert eins allstaðar.

Kosið er í ráðið til fjögurra ára í senn skv. gildandi bæjarmálasamþykkt.

II. Kaffi

Fundir og starfshættir

3. gr.

Sviðsstjóri velferðarsviðs er starfsmaður ráðsins. ~~Sviðsstjóri Hann~~ undirbýr og boðar fundi ráðsins í samráði við formann. ~~Sviðsstjóri Hann~~ ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum ráðsins sé hrint í framkvæmd. Sviðsstjóri velferðarsviðs og ~~hann~~ sviðsstjóra situr fundi ráðsins og hefur þar málfrélsi og tillögurétt.

4. gr.

Ráðsmanni er skylt að sækja alla fundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

Formaður ráðs ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli ráða og nefnda bæjarfélagsins. Halda skal a.m.k. tvo samráðsfundi með ráðum og nefndum sviðsins árlega.

Fjöldi funda velferðarráðs er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Formanni ráðsins er heimilt að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum ástæðum.

5. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir atkvæðisbærir ráðsmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar ráðsins getur fyrirvari um boðun verið skemmri.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá en tilkynna skal það í upphafi fundar. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

Ráðsfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur atkvæðisbærra ráðsmanna er mættur á fundinn. Ráðið getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

6. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í velferðarráði fer eftir því sem við á samkvæmt III. kafla bæjarmálasamþykktar.

Formaður ráðsins stýrir fundum ráðsins.

Fundur ráðsins skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur boðað á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins sem og aðra til viðræðna um einstaka mál.

~~Ráðsmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi ráðsins og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum. Ákvæði þetta á einnig við um aðra fundarmenn.~~

Velferðarráð skal á fundum sínum taka fyrir þau erindi sem berast, fjalla um þau og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til bæjarstjórnar nema bæjarstjórn hafi falið ráðinu fullnaðarafgreiðslu málsins. Á fundum er mál afgreitt með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, bæjarstjórnar eða sviðsstjóra velferðarsviðs.

Velferðarráði er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Velferðarráð getur vísað málum til umsagnar annarra nefnda, ráða, embættismanna, eða annarra aðila.

Ráðsmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu.

7. gr.

Ráðið skal ~~rita fundargerð halda gerðabók og ritari skal færa fundargerð í gerðabók. en u~~Um ritun fundargerðar þeirra gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. bæjarmálasamþykktar.

8. gr.

Velferðarráð skal við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir gæta þess að farið sé að stjórnslutölum og verklagsreglum um stjórnslutöl.

III. kafli

Hlutverk og markmið

9. gr.

Velferðarráð skal, í samráði við aðrar nefndir velferðarsviðs, móta heildarstefnu í velferðarmálum fyrir kjörtímabilið og hefst stefnumótunarvinna strax að afloknu kjöri í ráðið. Í stefnu skal sett fram hugmyndafræði um velferðarþjónustu, framtíðarsýn, gildi og markmið. Þá skal ráðið setja upp aðgerðaráætlun og mælikvarða til að fylgja stefnunni eftir.

Velferðarráð skal hafa eftirlit með að stefnu í velferðarmálum sé fylgt. Ráðið skal fara reglulega yfir stöðu

Athugasemd [JLÓ3]: Lagt til að færa þetta neðar í erindisbréfið í nýja 17.gr.

Athugasemd [JLÓ4]: Skv. auglýsingu um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna er fjallað um það í 5.gr. að heimilt sé að skrá þær í tölvu. Það er svona sem við gerum þetta þ.e. í tölvu. Í bæjarmálasamþykkt er ekkert talað um gerðabók bara vísað í þessa auglýsingu. Við leggjum til að þessari grein verði breytt með tilliti til þess.

innleiðingar stefnunnar með hliðsjón af markmiðum og mælikvörðum hennar. Niðurstöður stöðumats skulu kynntar fyrir bæjarráði.

Velferðarráð skal endurskoða stefnur sem settar hafa verið fyrir einstaka verkefni eða svið innan málaflokksins og hefst endurskoðunin strax að afloknu kjöri í ráðið.

Ráðsmenn skulu taka virkan þátt í stefnumótunarvinnu.

Eigi síðar en sex mánuðum eftir kjör velferðarráðs skal ráðið hafa yfirfarið stefnur málaflokksins, greint hvaða breytinga er þörf og leggja fyrir bæjarstjórn tímasetta áætlun um endurskoðun og mótun heildarstefnu. Heildarstefna og endurskoðaðar stefnur skulu lagðar fyrir bæjarstjórn svo fljótt sem unnt er.

10. gr.

Hlutverk og verkefni ráðsins eru m.a. að:

1. Sinna verkefnum sem sveitarstjórn því eru falin í lögum félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, lögum um málefni aldraðra og lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, nr. 125/1999, lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, og í lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997.
2. Fara með yfirstjórn barnaverndarþjónustu sveitarfélagsins samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002.
- 2-3. Vinna að einstökum þáttum framkvæmdar á sviði velferðarþjónustu. Tveir fulltrúar meirihluta ráðsins og einn fulltrúi minnihluta sitja í vinnuhóp ásamt starfsmönnum sviðsins.
- 3-4. Gæta þess í störfum sínum að leggja áherslu á stuðning til sjálfshjálpar og reyna að sporna gegn félagslegum vanda með fyrirbyggjandi starfi. Þess skal gætt að Ráðið skal hafa góða vitneskju um félagslegar þarfir íbúa og vinna að málum þeirra út frá heildarsýn á félagslegar um aðstæður um þeirra.
- 4-5. Fylgjast með því að deildir og stofnanir á þess vegum vinni að settum markmiðum, veiti góða þjónustu og að starfsemi sé skilvirk og hagkvæm og að íbúar hafi aðgang að upplýsingar um þá velferðarþjónustu sem í boði er.
- 5-6. Leitast við að veita velferðarþjónustu sem tekur mið af þörfum íbúa bæjarins á hverjum tíma og í samræmi við gildandi lög, reglur og samþykktir.
- 6-7. Gera tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar um útgjaldaliði félagsmála.

Velferðarráð hefur að leiðarljósi eftirfarandi meginmarkmið:

1. Að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa og stuðla að velferð þeirra á grundvelli samhjálp.
2. Að stuðla að viðunandi uppeldisskilyrðum barna og unglinga með því m.a. að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar.
3. Að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum og styrkja til sjálfshjálpar

11 gr.

Velferðarráði er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði þess ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því, þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun og þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

12. gr.

Bæjarstjórn felur velferðarráði yfirstjórn barnaverndarþjónustu skv. 1.mgr. 12.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Með samþykkt felur bæjarstjórn starfsfólki barnaverndarþjónustu heimild til

Athugasemd [JLÓ5]: Breytingar á orðalagi og tilvísun í lög. Yfirstjórn barnaverndarþjónustu bætt við.

Athugasemd [JLÓ6]: Leggjum til að taka þetta út. Þetta er tekið beint úr einum af þeim lagabálkum sem unnið er eftir á velferðarsviði. Meginmarkmið þjónustunnar birtast í öllum lögnum sem um þjónustuna gilda og svo velferðarstefnunni.

Athugasemd [JLÓ7]: Það er barnaverndarþjónustan sem ber ábyrgð á verkefnum og ákvörðunum skv. lögnum að undanskyldu því sem varðar umdæmisráð, dómstóla og önnur stjórnvöld. Bæjarstjórn fer með yfirstjórnina en í henni felst bara að afla upplýsinga frá barnaverndarþjónustunni sem eru nauðsynlegar til að sinna yfirstjórninni.

Sveitarstjórnin felur velferðarráði að sinna þessari yfirstjórn og svo felur hún starfsmönnum barnaverndarþjónustunnar vald til fullnaðarafgreiðslu mála skv. lögnum.

fullnaðarafgreiðslu mála eins og kveðið er á um í bæjarmálassamþykkt að undanskyldum þeim ákvörðunum sem umdæmisráði, dómstólum eða öðrum hefur verið falið.

13. gr.

Sviðsstjóri velferðarsviðs, eða starfsfólkmennta velferðarsviðs í ~~hans~~ umboði sviðsstjóra, afgreiða án staðfestingar velferðarráðs og bæjarstjórnar, allar umsóknir sem byggja á lögum um um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, eftirfarandi:

1. — Umsóknir um fjárhagsaðstoð.
2. — Umsóknir um ferðaþjónustu.
3. — Umsóknir um liðveislu.
4. — Umsóknir um félagslega heimaþjónustu.
5. — Umsóknir um heimsendingu matar.
6. — Umsóknir um sérstakar húsaleigubætur.

Beiðni um endurupptöku á ákvörðunum í ofangreindum málum skal beint til velferðarráðs.

Sviðsstjóri eða starfsfólkmennta í ~~hans~~ umboði sviðsstjóra getur ávallt óskað eftir því að velferðarráð taki ákvörðun í máli samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Velferðarráð skal upplýst reglulega með almennum hætti um mál sem starfsmenn afgreiða í umboði ráðsins.

14. gr.

Fundargerðir barnaverndarnefndar skulu lagðar fram til kynningar á fundum velferðarráðs.

Fundargerðir velferðarráðs skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir enda sé í fundargerð ráðsins skilmerkilega gerð grein fyrir þeirri fyrirætlun með tillögu til bæjarstjórnar þar að lútandi. Ef mál varðar fjárhagslegar skuldbindingar bæjarins umfram fjárhagsáætlun skal ráðið vísa tillögu sinni til bæjarráðs.

15. gr.

Velferðarráð vinnur að markmiðum sínum með stefnumótandi samþykktum og ákvörðunum sem taka mið af samþykktri stefnu velferðarráðs og bæjarstjórnar í málefnum varðandi velferðarmál.

IV. Kafi

Hæfi og skyldur ráðsmanna

16. gr.

Velferðarráð skal í allri sinni ákvarðanatöku hafa hagsmuni allra íbúa að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í ráðinu að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyra.

Ráðsmenn sem sitja í stjórn um einkareknum eða opinberum félögum, sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við sveitarfélagið, skulu upplýsa um það. Að öðru leyti vísast til

Athugasemd [JLÓ8]: Fallið frá upptalningu verkefna þar sem listinn er orðinn of langur og ekkert sem fellur undir þessa lagabálka er undanskilið þessu umboði.

samþykktar bæjarstjórnar frá 27. janúar 2015, um siðareglur kjörinna bæjarfulltrúa hjá Kópavogsbæ.

Ráðsmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi ráðsmanna og starfsmanna velferðarráðs vísast til 17. gr. bæjarmálasamþykktar.

17. gr.

Ráðsmenn skulu gæta trúnaðar um allt það sem þeir verða áskynja í starfi ráðsins og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Fulltrúar í velferðarráði skulu staðfesta yfirlýsingu um þagnarskyldu með undirritun sinni.

Fulltrúar skulu gæta þess að öll málsgögn sem varða persónulega hagi manna séu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái þar ekki aðgang. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn en kjörna fulltrúa.

Athugasemd [JLÓ9]: Ný grein um trúnað, þagnarskyldu og meðferð gagna.

186. gr.

Hvorki bæjarstjórn, bæjarráði né velferðarráði er heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála og er eingöngu heimilt að afla upplýsinga frá barnaverndarþjónustu sem eru nauðsynlegar svo að velferðarráð geti sinnt hlutverki sínu.

Velferðarráð hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið ráðsins. Engu að síður skal ráðinu gerð grein fyrir störfum sviðsins og fjárhagslegri stöðu þess sviðsins reglulega. Ráðið hefur ekki boðvald yfir starfsfólki stofnana né starfsfólki velferðarsviðs. Ráðsmenn koma ekki að ráðningum, sbr. þó 50. og 51. gr. bæjarmálasamþykktar.

Rekstur stofnana og starfsmannamál er á ábyrgð sviðsstjóra velferðarsviðs og viðkomandi deildarstjóra. Forstöðumenn stofnana eru ábyrgir fyrir rekstri og starfsemi sinnar stofnunar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

Velferðarráð kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögmætum fundum.

Athugasemd [JLÓ10]: Viðbót til að skýra betur hvað felst í yfirstjórn barnaverndarþjónustu.

V. Kafi

Gildistaka

17. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, og samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar, ~~nr. 774/2013~~, m.s.br.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs og tekur gildi ~~25.13. október-desember 2016~~ 2022.